

Til bæjarráðs

Svar við fyrirspurn vegna athugasemda við útboð á vinnu iðnaðarmanna

Í bréfi sem sent var á bæjarstjórn og bæjarráð þann 19. apríl koma fram alvarlegar athugasemdir við framkomu starfsmanns Garðabæjar. Þar er gerð athugasemd við fjölskyldutengsl á milli hans og verktaka sem séð hefur um málningarvinnu fyrir bæinn síðan 2018. Einnig kemur fram að árið 2018 hafi skyndilega verktaka sem unnið hafði málningarvinnu fyrir bæinn í um 30 ár verið gert að taka poka sinn og nýr verktaki tekið við. Strax á vordögum 2019 gerði fulltrúi Garðabæjarlistans athugasemdir við málið í Bæjarráði og benti á að þarna væru möguleg fjölskyldutengsl á milli þess um úthlutar verkum og þess sem er að fá verk, þrátt fyrir það benda gögn til þess að sá verktaki sé búinn að sitja einn að allri málningarvinnu hjá bænum eftir að ábending um fjölskyldutengsl kom fram, þar af leiðandi er nauðsynlegt að fá svör við eftirfarandi spurningar.

1. Hvernig var brugðist við eftir að athugasemdir fulltrúa Garðabæjarlistans komu fram í bæjarráði vorið 2019?
Svar:
Farið var yfir vinnulag og verklag og áhersla lögð á aukið eftirlit með kostnaði en almenn ánægja var með gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Allir reikningar eru yfirfarnir og samþykktir af bæjarverkfræðingi
2. Hefur endurskoðendum Garðabæjar verið gert viðvart um fjölskyldutengsl milli þess sem úthlutar verkum og verktaka? Hvernig hafa endurskoðendur brugðist við þeim athugasemdum?
Svar:
Ekki var talin ástæða til að taka málið upp við endurskoðanda bæjarins enda málið hvað varðar úthlutun verka í höndum bæjarverkfræðings.
3. Í bréfinu er talað um að skyndilega eftir ca. 30 ára vinnu hjá bænum hafi borist kvartanir vegna vinnu verktaka sem sinnti málningarvinnu til 2018. Hvenær komu þær kvartanir fram og hverjar voru þær? Óskað er eftir afriti af þeim kvörtunum.
Svar:
Óljóst er við hvað er átt með að vísa til 30 ára vinnu hjá bæjarfélaginu og ekki liggja fyrir neinar skráningar á kvörtunum.
4. Óskað er eftir sundurliðun á fjölda verktaka sem unnið hafa að málningarvinnu fyrir Garðabæ síðustu fjögur ár og á hvaða einingarverðum hefur sú vinna verið unnin?
Svar:
Sjá fylgiskjal.

5. Hversu margir verktakar vinna smíðavinnu án útboðs fyrir Garðabæ?

Svar:

Í daglegu viðhaldi eru tveir verktakar sem sinna almennu viðhaldi við smíðar, lagfæringar á innréttingum o.fl. Leitað er til smíðaverkstæða um ákveðin verk á grundvelli verðkannana.

Hversu margir verktakar vinna rafvirkjun án útboðs fyrir Garðabæ?

Svar:

Í daglegu viðhaldi eru þrír verktakar. Öll stærri verk boðin út td. Urriðaholtsskóli og Álfтанesskóli.

Hversu margir verktakar sinna pípulagningarvinnu án útboðs fyrir Garðabæ?

Svar:

Í daglegu viðhaldi eru tveir verktakar , stærri verk boðin út sjá hér fyrir ofan.

6. Hversu margir verktakar hafa óskað eftir að vinna málningarvinnu fyrir Garðabæ og skilað inn einingarverðum síðustu fjögur ár og á hvað einingarverðum voru þeir verktakar tilbúnir til að vinna á?

Svar:

Tilvik eru um að iðnarmenn leiti eftir að fá að sinna þjónustu fyrir Garðabæ hvað varðar almennt viðhald og stærri verk og leggja fram eftir atvikum upplýsingar um einingarverð. Engin almenn skráning á tilvikum sem þessum.

7. Hversu mikið hefur verið eytt í málningarvinnu án útboðs síðustu fjögur ár(óskað eftir sundurliðun á milli ára)?

Svar:

Sjá fylgiskjal.

8. Óskað er eftir afriti af öllum reikningum sem umræddur verktaki hefur unnið fyrir Garðabæ.

Svar:

Sjá gögn.